

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
105 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 17. apríl 2019

Varðar: Umsögn STEFs um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum, 762. mál.

STEF fagnar því mjög að umrætt frumvarp hafi verið unnið af hálfu fjármálaráðuneytisins og sé nú lagt fram á Alþingi, enda um að ræða gamalt baráttumál STEFs til margra ára.

Um er að ræða mikið réttlætismál fyrir tónhöfunda sem oft eru í mjög mismunandi aðstöðu að geta talið fram kostnað á móti skattstofni til greiðslu hefðbundins tekjuskatts. Ef frumvarp þetta verður að lögum mun það ekki síst gagnast þeim tónhöfundum sem eru að byrja feril sinn og eru ekki sjálfir að reka upptökustúdíó og hafa takmarkaða möguleika á að telja fram kostnað á móti höfundaréttartekjum. Sérstaklega er óeðlilegt að erfingjar höfundaréttar þurfi að greiða tekjuskatt af þeim höfundarétti sem þeir hafa erfð á meðan erfingjar ýmissa annarskonar eigna greiða fjármagnstekjuskatt af þeim hagnaði sem þeir hafa af eignum sínum.

Rétt er að koma því á framfæri í þessu sambandi að þetta mál getur haft mjög mikil og jákvæð áhrif á samkeppnisstöðu STEFs við erlend höfundaréttarsamtök. Nái frumvarpið fram að ganga getur löggjöf þessi orðið eitt af því sem skiptir máli þegar íslenskir tónhöfundar velja hvert erlendar höfundaréttartekjur þeirra renni og á þann hátt haft jákvæð áhrif á greiðsluflæði til STEFs og þar með til Íslands almennt.

Virðingarfyllst
F.h. STEFs



Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri